

## Fyrsta lota – Reglur og agi; virðing, hegðun, kurteisi, framkoma

Í fyrstu lotu æfum við meðal annars eftirfarandi þætti. Þið getið einnig beint athygli að þessu heimavið.

### 1. Umhverfi

Við skipuleggjum skólastofuna því í vel skipulögðu umhverfi er auðveldara að fylgja reglum og hugsa vel um hlutina okkar. Við vitum hversu mikið við viljum eiga af leikefni og hugsum vel um það. Með þessu móti látum við okkur annt um það sem við eigum.

→Heima getið þið lagt áherslu á að barnið haldi herberginu sínu snyrtilegu.

→Þið getið einnig farið yfir það hvort allt sem barnið á er nauðsynlegt og jafnvel geymt eitthvað á öðru svæði en í herberginu til að einfalda umhirdu þess.

### 2. Dagskipulag

Við förum eftir dagskipulagi svo það verði að rútinu. Markmiðið er að andrúmsloftið sé afslappaðra þegar allir vita hvað er næst á döfinni.

→Heima getið þið til dæmis skipulagt morgunrútinuna og síðdegið. Klukkan hvað þið vaknið, hver leggur diskana á borðið fyrir morgunverð, hvaða fatnaður er í boði fyrir skólann og fleira.

### 3. Hegðun

Við gefum börnum skýr skilaboð um það hvaða hegðun er í boði. Við forðumst langar umvöndunarræður en notum þess í stað einföld og skýr skilaboð sem auðvelt er að skilja og fylgja eftir. Langar ræður fela í sér vonbrigði hins fullorðna og gefa þau skilaboð að börnum hafi mistekist. Öll börn hafa æfingaleyfi og það er fullkomlega eðlilegt að þau “ruglist” við og við. Það að mistakast er í raun aðeins tækifæri til að ganga betur næst. Við forðumst að segja “ekki”.

→Heima getið þið prófað að nota einföld og stutt skilaboð á jákvæðan hátt.

### 4. Reglur

Við lærum að fylgja reglum. Reglurnar þurfa að vera einfaldar og skiljanlegar. Ef reglur virðast ekki virka þá eru þær of flóknar og leita þarf leiða til að einfalda þær. Mikilvægt er að reglurnar feli í sér til hvers er ætlast í stað þess að benda á hvað á ekki að gera.

→Heima getið þið rætt heimilisreglurnar.

→Skoðið vel hvort fyrirmælin sem börnin fá heima fyrir séu jákvæð og forðist “ekki” skilaboð. Til dæmis í stað þess að segja: “Ekki henda úlpunni þinni á gólfid” getið þið sagt “hengdu úlpuna þína á snagann”.

### 5. Að æfa færni sem börnin búa yfir

Að halda áfram að vinna að verkefnum eða viðfangsefnum sem börnin eru góð í jafnvel þótt þau séu ný fyrir kennarann. Að viðhalda verkefnum sem börnin eru góð í stuðlar að góðu og jákvæðu sjálfmati þeirra.

→Heima geta börnin kennt foreldrum sínum eitthvað sem foreldrarnir kunna ekki en börnin hafa lært í skólanum.

## **Agalota – Hrós og hvatning**


Að nota viðeigandi hrós sem leggur áherslu á það sem verið er að efla með barninu þá stundina er skilvirkasta leiðin í átt að árangri. Hér eru hugmyndir til að hvetja börn í fyrstu lotu:

**Virðing** – „Ég sé að þú ert að einbeita þér“

**Hegðun** – „Þér gengur vel“

**Kurteisi** – „Þetta var fallega sagt“

**Framkoma** – „Taktu eftir þessu, þú varst kurteis við hana/hann og hún/ hann kom eins fram við þig“



Funded by the European Commission [Daphne III program](#).  
European Commission is not responsible for the implementation and the content of the project.

## Fyrsta lota - Færni

Ræðið við barnið hvaða eiginleika hún/hann þarf að æfa meðan á fyrstu lotunni stendur og veljið eitthvað sem lítur að virðingu, kurteisi eða framkomu.  
Ákveðið saman á hvaða hátt þið ætlið að fagna árangri ef hann næst.


Þið getið innsiglað samning með undirskrift og þannig aukið mikilvægi þessarar ákvörðunar fyrir barn og foreldra.



Eiginleiki:



Verðlaun í lok lotunnar:



Undirskriftir:

